



Forsætisnefnd

***Umsögn skrifstofu borgarstjórnar um tillögu Báru Katrínar Jóhannsdóttur, fulltrúa ungmennaráðs Árbæjar og Holta um afgreiðslutíma tillagna.***

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 11. júní 2021 var lögð fram tillaga Báru Katrínar Jóhannsdóttur frá ungmennaráði Árbæjar og Holta þar sem lagt var til að borgarstjórn feli skrifstofu borgarstjórnar að finna leiðir til að stytta afgreiðslutíma þeirra tillagna sem ungmenni leggja fyrir á árlegum fundi með borgarstjórn og að upplýsingar um úrvinnsluferlið verði gerðar aðgengilegar. Tillögunni var vísað til meðferðar forsætisnefndar sem óskaði eftir umsögn skrifstofu borgarstjórnar um hana.

**Umsögn:**

Í gildi eru verklagsreglur skrifstofu borgarstjórnar um fundi og meðferð tillagna Reykjavíkurráðs ungmenna sem forsætisnefnd samþykkti í febrúar 2015. Þar kemur m.a. fram að það er skrifstofa borgarstjórnar ber ábyrgð á því f.h. borgarstjórnar að koma samþykktum og vísuðum tillögum í farveg til fagsviða og skrifstofa innan Reykjavíkurborgar. Í bréfi skal tilgreina nákvæmlega afgreiðslu tillögunnar og athygli viðtakanda vakin á því að fara skal með tillöguna á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Fagráð eru jafnframt hvött til þess að boða tillöguflýgjanda á fund til að kynna efni tillögunnar.

Í 6. gr. reglnanna kemur fram að þau fagráð og miðlægar skrifstofur sem eru með tillögur ungmenna til meðferðar, **bera ábyrgð á því að afgreiða hana á fullnægjandi hátt eins skjótt og auðið er**. Heimilt er að óska umsagna um tillöguna en ekki er gert ráð fyrir því að tillögum sé vísað til meðferðar á annan stað innan stjórnarsýslu Reykjavíkur. Senda skal afrit af öllum bréfum vegna tillögunnar til starfsmanns Reykjavíkurráðs ungmenna og til skrifstofu borgarstjórnar.

Með vísan til ákvæði gildandi reglna er ljóst að forsætisnefnd hefur unnið mjög skýran feril og leiðbeiningar fyrir meðferð tillagna og ekki er séð í fljótu bragði hvernig forsætisnefnd og

skrifstofa borgarstjórnar geta flýtt ferlinu enda er vinnslutími algerlega háður viðkomandi fagraði sem fær tillöguna til meðferðar. Að því er varðar þann hluta tillögunnar er snýr að því að gera upplýsingar um úrvinnsluferlið aðgengilegar þá er gert ráð fyrir algerri umbýltingu á þeim málum almennt að því er varðar gögn og afgreiðslur ráða og nefnda með innleiðingu Hlöðunnar, nýs mála- og skjalakerfis Reykjavíkurborgar.

Þrátt fyrir ofangreint mælir skrifstofa borgarstjórnar með því að forsætisnefnd samþykki tillöguna óbreytta enda er það sameiginlegt markmið allra starfsmanna sem að málinu koma að gera sífellt betur og hraðar í meðferð þeirra erinda sem Reykjavíkurráð ungmenna og borgarstjórn senda sameiginlega til vinnslu í kjölfar sameiginlegs fundar.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Verklagsreglur skrifstofu borgarstjórnar um fundi og meðferð tillagna Reykjavíkurráðs ungmenna.

## Verklagsreglur skrifstofu borgarstjórnar um fundi og meðferð tillagna Reykjavíkurráðs ungmenna

1. Skrifstofa borgarstjórnar boðar, í samráði við starfsmann Reykjavíkurráðs ungmenna, til undirbúningsfundar í upphafi árs, til að ákvarða tímasetningu og fyrirkomulag árlegs fundar Reykjavíkurráðs ungmenna með borgarstjórn.
2. Tillögur Reykjavíkurráðs ungmenna skulu berast skrifstofu borgarstjórnar á fimmtudegi fyrir fund Reykjavíkurráðsins. Tillögurnar og meðfylgjandi greinargerðir skulu fullnægja skilyrðum samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og merktar tillöguflytjanda.
3. Tillögur Reykjavíkurráðs ungmenna eru lagðar fram á fundi forsætisnefndar sem semur dagskrá sameiginlegs fundar borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Dagskrá fundarins og tillögurnar eru sendar borgarstjórn að lágmarki tveimur sólarhringum fyrir fund.
4. Auglýsa skal sameiginlegan fund borgarstjórnar og Reykjavíkurráðsins í Ráðhúsi Reykjavíkur og á vef Reykjavíkurborgar með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og greina þar dagskrá fundar. Dagskrá fundarins skal með sama fyrirvara send fjölmiðlum.
5. Skrifstofa borgarstjórnar ber ábyrgð á því að koma samþykktum og vísuðum tillögum í farveg til fagsviða og skrifstofa innan Reykjavíkurborgar. Tilgreina skal afgreiðslu tillögunnar og athygli vakin á því að fara skal með tillöguna á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Æskilegt er að fulltrúi úr Reykjavíkurráði verði boðaður á viðkomandi ráðsfund til að kynna efni tillögunnar.
6. Fagráð og miðlægar skrifstofur sem eru með tillögur til meðferðar, bera ábyrgð á því að afgreiða hana á fullnægjandi hátt eins skjótt og auðið er. Heimilt er að óska umsagna um tillöguna en ekki er gert ráð fyrir því að tillögum sé vísað til meðferðar á annan stað innan stjórnsýslu Reykjavíkur. Senda skal afrit af öllum bréfum vegna tillögunnar til starfsmanns Reykjavíkurráðs ungmenna og til skrifstofu borgarstjórnar.
7. Skrifstofa borgarstjórnar boðar, í samráði við starfsmann Reykjavíkurráðs ungmenna, til stöðufundar í lok árs til að yfirfara afdrif og stöðu tillagnanna. Á stöðufundinn skal boða fráfaramandi og nýja fulltrúa ráðsins, forsætisnefnd og tengiliði þeirra sviða sem fengu tillögu til meðferðar.

Samþykkt í forsætisnefnd 13. febrúar 2015.